

Fræðsluþættir frá Gedhjálpar:

# Neyðarþjónusta komin á

Góðir lesendur.

Stjórn Gedhjálpar óskar ykkur gleðilegs árs, við vonum að á árinu 1983 verði gedheilsa landsmanna í góðu lagi, og þó eitthvað bjáti á og allt verði ekki eins og allir vildu hafa það, þá að reyna að taka hlutunum með ró. Það virðist vera orðið landlægt meðal landsmanna að kvarta, við erum orðin nöldurgjörn, við erum óánægð með allt og alla en fyrst og fremst erum við óánægð með sjálf okkur. Fyrimenn þjóðarinnar koma fram fyrir almenn-ing og skýra frá þeim erfiðleikum sem stöðja að þjóðinni, erfiðleikum sem við að hluta höfum skapað sjálf, þá er komið að okkur, og það er að takast á við þann vanda, hvert og eitt okkar getur byrjað á sjálfum sér, erfiðleikar eru til að takast á við, ekki að flýja frá. Ísland er fallett land, þó stundum sé á því erfitt að lifa, sökum þess að veður geta orðið vond, en við erum duglegt fólk, já, talandi um veður, ég vona að þið hafið heyrt í unga mannum sem var talað við í útvarpinu 5. janúar. Hann átti í erfiðleikum með bilinn sinn sem var fastur eins og fleiri bílar, fréttamaður spurði, hvort hann væri ekki orðinn þreyttur á að komast ekkert áfram, maðurinn svaraði: Nei, nei, þetta er gaman, allir eru svo hjálplegir, eflaust hafa ekki allir sem voru fastir

þennan dag hugsað eins og þessi maður, en þarna er hann að benda okkur á að vond veður og erfiðleikar færa okkur oft nær hvort öðru. Við berum okkur stundum saman við aðrar þjóðir, sem ef til vill getur verið rétt, en það er svo margt sem við gleymum, sem við höfum fram yfir aðrar þjóðir, hér er ekkert atvinnuleysi, enginn sveltur, flestir búa í góðum húsakynnum og við reukum mikla og góða heilbrigðisþjónustu. Við lifum í velmegun. Nei, við getum verið stolt af því að vera Íslendingar, stöndum saman, þó að svart sé um hrið, þá birtir upp aftur.

Ég læt fylgja hér með síðasta erindi í kvæðinu Sigur en ég veit ekki eftir hvern það er, þætti vænt um ef einhver gæti sagt mér það, þá að senda línur og merkja bréfið Fræðsluþættir Gedhjálpar, Morgunblaðinu, en lokaerindið er svona:

Þú varst ekki óheppinn, vinur minn,  
viljandi svæðir þú manndóm þinn  
og sneiddir hjá veraldarvanda.  
Æfin þin langa var ekkert bál,  
þú áttir svo margna kouta vól,  
en gleymdir að hefjast handa.

Árið sem er að líða var okkur í Gedhjálpar gott ár. Við fengum á fyrrihluta ársins marga góða fyrirlesara til þess að fræða



okkur og þroska, og hafi þeir þökk fyrir. Okkur tókst að opna félagsmiðstöð á Bárugötu 11 í Reykjavík, þar sem við höfum til að byrja með opið um helgar frá 14 til 18. Þar er alltaf heitt á könnunni og þangað getur fólk komið, hitt aðra og skrafað saman, við ætlum að auka þá starfsemi á þessu ári. Við höfum verið með þennan pistil í Morgunblaðinu síðan í júní og sendum starfsfólki blaðsins bestu kveðjur. Eitt af aðalbaráttumálum félagsins var að komið yrði á neyðarþjónustu fyrir gedsjúklinga, og sá draumur hefur ræst, því 1. desember hófst sú þjónusta með samvinnu á milli geddeildar Borgarspítalans og Kleppsspítalans.

Neyðarþjónustan hefur ekkert verið auglýst, en mun vera getið sérstaklega síðar í þessum þáttum.

Við hjá Gedhjálpar erum ekki í neinum vafa um að þingsályktunartillaga sem samþykkt var af alþingi um gedheilbrigðismál, og nefnd sem heilbrigðisráðherra skipaði til að kanna þau mál, en ég veit ekki hvort farið var eftir tillögum nefndarinnar, en ég veit að hún skilaði til ráðherra greinagóðri skýrslu í nóvember, nefndarmenn lögðu fram mikla vinnu í að kanna þessi mál frá sem flestum sjónarhornum. Við hugsum til þeirra sem starfa í gednefndinni með hlýhug og vonum að þeir láti ekki deigan síga og haldi áfram að endurskoða gedheilbrigðismálin eins og þingsályktunartillagan segir til um.

Eins og þið munið fengum við Þórunni Pálsdóttur hjúkrunarfræðing, Högna Óskarsson gedlækni, Karl Marínósson félagsráðgjafa, Magnús Þorgrímsson og Jónas Gústafsson sálfræðinga til að svara frá ykkur fyrirspurnum, ef ykkur lægi eitthvað á hjarta eða ættuð við erfiðleika að stríða sem hægt væri að leiðbeina ykkur með, við höfum fengið nokkur bréf og munu þau nú byrja næsta laugardag að svara þeim. Þið fylgist með. Svo segi ég bless, verið hress.

AP